Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.
Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10100.
Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22480.
Áskriftargjald 1100.00 kr. á mánuði innanlands.
Í lausasölu 60.00 kr. eintakið.

HÆFILEIKINN TIL AÐ GLEYMA

Í leiðurum Morgunblaðsins í gær og fyrradag var lítillega rakinn starfsferill og starfsárangur núverandi ríkisstjórnar í meginviðfangsefnum hennar: öryggismálum, landhelgismálum, orkumálum og síðast en ekki sízt ríkisfjármálum og efnahagsmálum í víðara skilningi.

Í lýðfrjálsum löndum verða stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir að leggja gjörðir sínar undir mat opinberra umræðna og loks dóm almennings í frjálsum, leynilegum kosningum. Sá almannadómur verður að byggjast á gjörskoðun mála, frá öllum hliðum, svo dómsuppkvaðning verði réttlát og marki framtíðarstefnu í farsældarátt.

Hæfileiki mannsins til að gleyma, einkum því sem óþægilegt er, hefur oft verið lofsunginn og talinn náðargjöf. Og vissulega má styðja þá staðhæfingu sterkum rökum. Engu að síður getur gleymskan verið viðsjárverður vinur, sem leitt hefur til endurtekningar sömu mistakanna æ ofan í æ. Það er ekki nema tvö og hálft ár síðan vinstri stjórnin skilaði afrakstri sínum og árangri í hendur núverandi ríkisstjórnar. Þrátt fyrir það hefur þegar fennt í flest spor hennar — í hugum fólks. Réttlátur dómur verður þó ekki kveðinn upp yfir núverandi ríkisstjórn, nema fólk almennt hafi ríkt í huga, hvern veg mál stóðu, er hún tók við völdum; hver var árangur og afrakstur vinstri stjórnarinnar eftir þriggja ára valdasetu.

Á miðju ári 1974, þegar þjóðin gekk til kosninga, blasti við hættuástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta hættuástand var ekki sízt undirstrikað af vinstristjórnarflokkunum sjálfum, enda sprakk stjórnarsamstarfið af þess völdum, áður en kjörtímabilið var á enda runnið. Sjávarútvegurinn, helzti atvinnuvegur þjóðarinnar, stóð frammi fyrir stórkostlegum rekstrarörðugleikum, og rekstrargrundvöllur útflutningsiðnaðarins var í þann veginn að bresta. Mikill halli var á viðskiptajöfnuði, þrátt fyrir undangengið hagstætt viðskiptaár (1973). Gjaldeyrisforði þjóðarinnar var þrotinn og erlendar skuldir hlóðust upp. Greiðsluhalli ríkissjóðs nam 2 milljörðum króna á verðgildi þeirra tíma og fjárvöntun opinberra sjóða nam enn hærri upphæð. Verðbólguvöxtur, sem verið hafði um 12% á ársgrundvelli allt tímabil viðreisnarstjórnarinnar, eða í 12 ár, rauk upp í 54% á kveðjuári vinstri stjórnar.

Þessi þróun varð á mestu uppgangstímum, sem orðið hafa í útflutningsgreinum landsmanna. Við þennan arf bættist svo snöggversnandi viðskiptakjör á árunum 1974 og 1975, sem rýrðu kaupmátt útflutningstekna þjóðarinnar um 30% á 12 mánaða tímabili. Atvinnuöryggi þjóðarinnar, lánstrausti hennar erlendis og framtíðarhagvexti var stefnt í bráða hættu. Þannig var umhorfs í efnahagsmálum þjóðarinnar, er núverandi ríkisstjórn settist að völdum.

Vinstri stjórnin hafði haldið að sér höndum um nýtingu innlendra orkugjafa, jarðvarma og fallvatna landsins. Af þeim sökum kom margföldun olíuverðs miklu verr við þjóðarbúið og heimilin í landinu en ella. Þetta aðgerðaleysi frestaði óhjákvæmilegum framkvæmdum til dýrari framkvæmdatíma, sem leiddi til verulega hærri stofnkostnaðar og orkuverðs, auk þess sem hækkun olíunnar kom illa við gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar og rýrði ráðstöfunartekjur almennings.


Eftir samninga vinstri stjórnarinnar við Breta 1973, sem fólu í sér veiðiheimildir til handa 139 brezkum togurum, var afstaða þáverandi sjávarútvegsráðherra til væntanlegrar 200 mílna fiskveiðilandhelgi, ekki burðugri en það, að hann taldi þá útfærslu eiga að koma einhvern tíma seinna, eftir lyktir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, eða þegar slíkt væri heimilt að alþjóðalögum. Það var öll reisnin í afstöðu hans þá.

Óþarfi er að tíunda það hættuástand, sem þá ríkti í öryggismálum þjóðarinnar, sem leiddi til undirskrifta meir en 55.000 kosningabærra Íslendinga, er kröfðust meiri ábyrgðar og festu í þessum þýðingarmikla málaflokki.

Þetta ástand í þjóðmálum ársins 1974 má ekki gleymast. Það leiddi til þess stjórnarsamstarfs, sem nú er. Og þótt margt megi og þurfi að bæta í þjóðfélagi dagsins í dag, getur enginn sanngjarn maður komizt hjá því að viðurkenna, að núverandi ríkisstjórn hefur náð verulegum árangri í flestum greinum þjóðmálanna, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Og við höfum einfaldlega ekki efni á að glutra niður þeim árangri, sem náðst hefur, heldur þarf að treysta stoðir áframhaldandi efnahagsbata, ef tryggja á áframhaldandi atvinnuöryggi og treysta forsendur framtíðar lífskjara þjóðarinnar. Margklofin, innbyrðis sundurþykk stjórnarandstaða, sem hefur enga marktæka heildarstefnu í vandamálum líðandi stundar, er heldur ekki girnilegur valkostur til að stýra þjóðarskútunni inn á öruggari sjó framtíðarvelmegunar. Og sporin hræða, þau er stigin vóru á árum vinstri stjórnar.

Gestur Ólafsson:

Endurnýjun eldri hverfa



Íslenzka ríkið hefur ekki sýnt það frumkvæði í byggingar og umhverfismálum í gamla bænum, sem æskilegt verður að telja. (ljósm: myndasafn TG 17)

Í Morgunblaðið sl. þriðjudag ritar annar af skipulagshöfundum Breiðholts III, Hróbjartur Hróbjartsson, „hugleiðingar" um skipulag gamalla hverfa borgarinnar þar sem hann ma. dregur í efa getu íslenzkra arkitekta til að skapa „ámóta viðfelldið og hugstætt yfirbragð byggðar og sjá má í gömlum hverfum". Þótt ótti Hróbjarts sé að sumu leyti skiljanlegur vaknar samt sú spurning, hvernig íslenzkum skáldum hefði þótt að hætta að yrkja þegar þeir Jónas og Steinn og Guðrún frá Lundi voru öll.

Hér er að vísu ekki um algera hliðstæðu að ræða, en oft er skammt milli skoðana þeirra, sem berjast fyrir friðun allra mannvirkja og frystingu borga í núverandi formi, og algerrar vantrúar á getu okkar nútímamanna til að gera jafnvel eða betur en forfeður okkar. Að vísu er sögulegt samhengi í borgum mjög mikilvægt, en ef við ákveðum að banna öðruvísi eða stærri byggingar á öllum lóðum í gamla bænum — eins og Hróbjartur og skoðanabræður hans leggja til — held ég að flestum þyki æskilegri framtíðarþróun vera skorinn nokkuð þröngur stakkur. Þannig skipulag sem tekur einstrengingslega afstöðu til eins málaflokks á kostnað annarra er ekki það skipulag sem talið hefur verið æskilegt á þessu svæði.

Í tillögum að framtíðarþróun þessa borgarhluta er hins vegar lagt til að æskilegum sérkennum svæðisins sé haldið, en jafnframt þessu lögð áherzla á byggingu nýrra mannvirkja þar sem það er til bóta fyrir þennan borgarhluta þannig að ný varðveizluverð sérkenni nái líka að myndast.


Umræða um framtíð gamalla hverfa og mannvirkja hér á landi hefur á undanförnum árum einkennst af öfgum á báða bóga og menn skipst í flokka eftir því hvort þeir vilja láta rífa allt eða ekkert. Í *tillögum um framtíð gamalla hverfa* Reykjavíkur er hvorugum þessum öfgum fylgt enda getur það varla talizt skynsamleg stefna til langframa.

Í aðalskipulagi borgar, eins og því sem nú er verið að endurskoða í Reykjavík, er mörkuð þróunarstefna í meginatriðum sem yfirleitt nær til 20 ára tímabils. Þannig að alskipulag er yfirleitt staðfest og hlýtur þá lagagildi og skiptir því mjög miklu máli fyrir alla borgarbúa, líf þeirra, starf, umhverfi og fasteignir. Það er því nauðsynlegt að sem flestir reyni að skilja þannig stefnu opnum huga og að rétt sé farið með tölur og önnur atriði þegar þau eru birt alþjóð. Í grein Hróbjarts, sem annars er góð um margt, skortir töluvert á að svo sé.


Samanlagður gólffletur allra bygginga á því svæði, sem var sérstaklega athugað í gamla bænum, er ekki um 500.000 fm heldur um 600.000 fm. Þær tillögur sem nú hafa verið til umræðu gera ekki ráð fyrir um 200.000 fm aukningu gólffletar á athugunarsvæðinu á næstu 20 árum eins og Hróbjartur staðhæfir. Á sl. 25 árum hafa verið byggðir um 144.000 fm á þessu svæði. Reiknuð hefur verið út fræðileg hámarksnýting á svæðinu miðað við tillögur um nýtingarhlutfall. Ef byggt væri á öllum lóðum, sem minna eru nýttar en hámarksnýting segir til um, er sú tala um 200.000 fm en fullyrða má að það verði ekki á næsta skipulagstímabili, enda er ekki til þess hvatt.

Þessar tillögur um hámarksnýtingu svæðisins eru miðaðar við að núverandi gatnakverfi haldist í meginatriðum þannig að ekki verði nauðsynlegt að byggja þarna margháða gatnamót. Áframhaldandi þróun þessa svæðis í samræmi við skipulagstillögurnar er því ekki ástæðan fyrir „milljarða-fjárfestingu *við brúarsmíðar á gatnamótum* við Miklubraut, byggingu Fossvogsbrautar og Sætúns við Skúlagötu".

Því fer einnig fjarri að í nýjum tillögum að framtíðarþróun þessa svæðis sé lagt til að staða þess sé styrkt og mikilvægi þess aukið. Í tillögunum er ma. gert ráð fyrir um 2000 íbúa fjölgun á svæðinu. Ef hver íbúð er reiknuð á 100 fm með sameiginlegu rými er þar kominn um þriðjungur af fræðilegri hámarksviðbótarnýtingu svæðisins samkvæmt tillögunum. Að vísu er nauðsynlegt að fara varlega í sakirnar við fjölgun atvinnutækifæra í gamla bænum, en því fer einnig víðs fjarri að lagt sé til að þeim fjölgi um allt að 7000.



Bygging nýrra mannvirkja í gömlum hverfum í verulega stærri mælikvarða en aðliggjandi byggð, og niðurrif húsa til þess að mynda bifreiðastæði hefur bæði breytt sérkennum þessara hverfa og rýrt gildi aðliggjandi umhverfis og fasteigna.



Í flestum mannvirkjum á svæðinu er að verulegu leyti hægt að koma til móts við óskir um nútíma tækninýjungar og þægindi en nauðsynlegt er að bæði sé völ á sérþekkingu og aðgengilegum lánum.

Ein af þeim hugmyndum, sem rædd hefur verið víðvíkjandi erflingu þessa borgarhluta, og Hróbjartur minnist á, er lokun opinberra mötuneyta þannig að starfsmenn fái í staðinn matarmiða og geti síðan valið milli veitingahúsa. Þessi tilhögun myndi tvímælalaust auka fjölbreytni veitingahúsa og stuðla að auknu borgarlífi og svipuðu máli gegnir ef gólffletir verzlana og þjónustufyrirtækja á jarðhæð, t.d. í Kvosinni, væri aukinn á kostnað banka. Þessar aðgerðir duga þó skammt ef ekki er samtímis reynt að ráða bót á ýmsum öðrum vandamálum. Mörg þessara vandamála eru fjölþætt og erfið viðfangs en að undanförnu hefur þó verið reynt að brjóta nokkur þeirra til mergjar og tillögur til úrbóta settar fram í greinargerðum. Ástæða virðist samt vera til þess að drepa á nokkur þessara mála ef það gæti stuðlað að frekari skilningi og raunhæfari umræðu.

Breytingar á borginni af manna völdum geta í grundvallaratriðum einungis átt sér stað á tvennan hátt — með framkvæmdum opinberra aðila og opinberra stofnana og með framkvæmdum einstaklinga og fyrirtækja *þeirra*. *Borgaryfirvöld* geta auk þessa haft mikil áhrif með skipulagi og ýmiss konar hvatningu, þótt hún þurfi ekki að kosta mikið fé; forgangsröðun framkvæmda og skjótri afgreiðslu skipulags og byggingarmála. Á ofangreindu athugunarsvæði hefur Íslenzka ríkið samt ekki sýnt það frumkvæði í byggingar- og umhverfismálum sem æskilegt verður að telja, bæði t.d. hvað viðvíkur Alþingi og stofnunum ríkisins við Arnarhól. Í stað þess að byggja á auðum eða lítið notuðum lóðum á þessum svæðum, sem gæti bætt umhverfi borgarinnar verulega, er starfsemi ríkisins rekin á við og dreif um Reykjavík. Þessi stefna hefur verið gagnrýnd og er lagt til að þessar lóðir verði byggðar á næsta skipulagstímabili.

Tæknilegt ástand íbúða á þessu svæði er mjög misjafnt, enda er meira en 70% af íbúðum þarna byggð fyrir 1919. Í könnun sem gerð var á vegum borgarlæknis 1972 og '73 kom í ljós að „lélegar og slæmar" íbúðir á þessu svæði voru um tvö hundruð. Á það hefur verið bent um árabil að ekki er til nein skilgreining á heilsuspillandi húsnæði sem er viðurkennd af opinberum aðilum og er því erfitt að meta þetta vandamál. Eitt er víst að hér er nauðsynlegt að gera verulegt átak ef svæðið á að verða æskilegt til íbúðarbyggðar. Flestar þessara íbúða er hægt að bæta mjög verulega, en til þess þurfa eigendur þeirra að eiga kost á hagstæðum lánum en þau eru ekki fyrir hendi í dag. Á sama hátt er nauðsynlegt að jafna lánamöguleika til kaupa á gömlu og nýju íbúðarhúsnæði.

Mat á lóðum og fasteignum á þessu svæði hefur ekki tekið mið af skipulagi og byggingarmöguleikum sem skyldi og hefur þetta orðið þess valdandi að rekstur fasteigna hefur sums staðar ekki staðið undir gjöldum og æskilegu viðhaldi. Nauðsynlegt verður að telja að þetta mál sé tekið til endurskoðunar ma. með tilliti til hugsanlegrar verndunar bygginga.

Að undanförnu hefur yfirleitt verið varið hlutfallslega mun meira fé til

Framhald á bls. 25